



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Sveinn Margeirsson

## Skútustaðahreppur

**29. október 2020**

Kæru Mývetningar nær og fjær! Þá nálgast nóvember og þá fara jólasveinarnir að sýna sig brátt í námunda við Dimmuborgir. Það er næsta víst að þeir munu verða vel meðvitaðir um aðalskipulag Skútustaðahrepps, enda er það nokkurskonar landakort fyrir okkur varðandi það hvernig við ætlum að nýta tækifæri til nýsköpunar, ferðapjónustu, umhverfisverndar og annars sem íbúum dettur í hug að leggja áherslu á næstu 10 árin eða svo.

### Aðalskipulagslýsing kynnt íbúum

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum þann 14. júní 2018 að endurskoða gildandi aðalskipulag Skútustaðahrepps og hefur verið gerð lýsing á skipulagsverkefninu. Skipulags- og matslýsingin er verklýsing endurskoðunarinnar. Í lýsingunni er meðal annars gerð grein fyrir ástæðum endurskoðunar aðalskipulags, helstu áherslum, forsendum, fyrirbyggjandi stefnu, samráði, tímaferli, umhverfismati áætlunar og gildistíma.

Aðalskipulagslýsingin var kynnt á opnum fundi í Skjólbrekku 27. október sl. Upptaka af kynningunni er á fésbók Skútustaðahrepps. Aðalskipulagslýsinguna má jafnframt finna á vef sveitarfélagsins og nálgast hana hjá Atla skipulagsfulltrúa (atli@skutustadahreppur.is).

### Göngu- og hjólreiðastígur malbikaður

Malbikaðir hafa verið ríflega 3km af göngu- og hjólreiðastíg umhverfis Mývatn, þ.e. frá Dimmuborgum í Voga. Verkefnið er unnið í samvinnu við Vegagerðina og landeigendur Reykjahlíðar, Voga, Geiteyjarstrandar og Bjarkar í þessum áfanga, sem nær frá Reykjahlíð og inn að Dimmuborgaafleggjara. Í framhaldinu er stefnt að lagningu hjólastígs umhverfis Mývatn, en það verkefni er eitt af áhersluverkefnum áfangastaðaáætlunar Norðurlands frá 2018.



Það verður spennandi að ræða við landeigendur umhverfis Mývatn um stíginn. Áfram verður unnið að framkvæmdinni í haust eins og aðstæður leyfa og svo hafist handa við að ljúka því sem stendur útaf á leiðinni Reykjahlíð-Vogar, um leið og vora tekur.

## Göngu- og hjólreiðastígur: Hvar liggja tækifærin?

Líkt og áfangastaðaáætlun Norðurlands<sup>1</sup> lýsti árið 2018 felast fjölmörg tækifæri í nýjum




göngu- og hjólreiðastíg. Fyrir mig hafa falist tækifæri í að heyra sjónarmið landeigenda í samtölum mínum við þá í aðdraganda framkvæmda.



Framundan er vetur sem nýta má til að sækja enn frekar fram og undirbyggja tækifæri tengt

lagningu stígsins. Ég mun á næstu vikum og mánuðum leggja áherslu á samtál um það hvernig við getum sem samfélag nýtt okkur



Þessa mikilvægu innviðaupbyggingu til viðspyrnu í atvinnulífinu. Hvaða möguleikar liggja til dæmis í mjólkurpóstum fyrir hjólreiðamenn? Getum við gert fólki kleift að ferðast án flugvískubits og kolefnisjafnað ferðalagið sitt? Geta ferðamann lagt bílnum í rafhleðslustæði og hjólað leiðar sinnar á meðan rafmagnið úr Bjarnarflagi leysir Norðursjávarolíuna af hólmi?



Í þessu samhengi er minnt á netfangið [tillaga@skutustadahreppur.is](mailto:tillaga@skutustadahreppur.is), en þangað hafa þegar borist góðar tillögur að verkefnum í samhengi fjárhagsáætlunar 2021. Takk kærlega fyrir það!

1

[https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/dmp\\_skyrsla\\_2018\\_webpdf](https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/dmp_skyrsla_2018_webpdf)

## Skráning bókasafnskots í Gegni klárast

Vinna er að klárast í bókasafninu við að nútímavæða kerfið sem heldur utan um safnkostinn. Þetta felur í sér að skanna og hlaða bókum bókasafnsins í Gegni, gagnagrunn á netinu. Þetta mun gera öllum kleift að fletta upp ákveðinni bók og finna hvaða útgáfa er fánleg hvar, án þess að þurfa að fara á bókasafn og leita að þeim handvirk.



Ragnhildur Sigurðardóttir, formaður velferðar- og menningarmálanefndar og Smári Tiarnan, sem sér um skráningu bókasafnskotsins í Gegni

## Sveitarstjóraspjall í fjarfundi

Þar sem við getum ekki hist á Slægjufundi er um að gera að nýta rafræna miðla.

Fimmtudaginn 22. október sl. tóku nokkrir Mývetningar spjall við sveitarstjóra á Teams samskiptaforritinu. Vel tókst til og verður framhald á slíku spjalli á næstu vikum.

## Félagsstarf eldri borgara í Skjólbrekku

Skjólbrekka er frábært félagsheimili og hefur verið nýtt til félagsstarfs eldri borgara á meðan Covid-19 stendur. Þar er nóg pláss og búið að koma fyrir þægilegri aðstöðu fyrir eldri borgara. Þórdís Jónsdóttir (Dísa) hefur yfirumsjón með starfinu og er Ásta Price með leikfimi.

## Umhverfisverðlaun afhent

Ferðapjónustan Bjargi fékk afhent umhverfisverðlaun Skútustaðahrepps að lokinni Hamingjugöngu fyrsta vetrardag. Venjan er að afhenda verðlaunin á Slægjufundi þann dag, en vegna Covid-19 var þeim sögufræga viðburði aflýst að þessu sinni.



## HRÓS DAGSINS...

Fær Kalli fyrir að láta ekki brot í hryggjarlið í sumar aftra sér frá því að mæta í ÍMS og taka þátt í þrektíma hjá Söndru!



Njótum stjörnuþjartra kvölda og náttu í Mývatnssveit!

**Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri**